





Ársskýrsla

2013



Efnisyfirlit

Skýrsla framkvæmdastjóra	3
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	9
Áritun óháðs endurskoðanda	10
Rekstrarreikningur	11
Efnahagsreikningur	12
Sjóðstreymisyfirlit	14
Skýringar	15

Skýrsla framkvæmdastjóra 2013

Rekstrarreikningur

Helstu breytingar á ársreikningi HEF vegna ársins 2013 miðað við ársreikninga fyrri ára eiga rætur sínar að rekja til breytinga á lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 þar sem fráveitur og vatnsveitur í meirihlutaeigu sveitarfélaga voru undanþegnar skattskyldu. Áhrif þessara breytinga á skatteign félagsins nemur 67,2 millj. kr. sem færðar eru til lækkunar á skattaeign og til gjalda í rekstrarreikningi.

Heildartekjur HEF á árinu 2013 samkvæmt rekstrarreikningi námu 345,2 millj. kr. samanborið við 316,1 millj. kr. árið 2012 og hækka því um 9,2% milli ára. Tekjur ársins vegna vatnssölu námu 143,6 millj. kr. samanborið við 133,8 millj. kr. á árinu 2012 og hækka um 7,3% frá fyrra ári. Fastagjald nam 18,7 millj. kr. 2012 en 20,3 millj. kr. árið 2013 og hækkar því um 8,8%. Álögð fráveitugjöld voru 93,5 millj. kr. Álögð vatnsgjöld 2013 voru 71,7 millj. kr. samanborið við 65,8 millj. kr. árið 2012 sem er um 9% hækkun. Aðrar tekjur eru 15,9 millj. kr. en voru 10,7 millj. kr. árið 2012 og hækka því um 48,6%.

Rekstrargjöld án afskrifta námu 147,9 millj. kr. samanborið við 126,2 millj. kr. árið 2012 og hækka því um 17,7% milli ára.

Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og tekjuskatt (EBITDA) nam því 197,2 millj. kr. samanborið við 189,9 millj. kr. hagnað árið áður. EBITDA sem hlutfall af rekstrartekjum ársins nam því 59,7% samanborið við 60,1% frá árinu 2012.

Afskriftir námu 72,3 millj. kr. samanborið við 71,8 millj. kr. árið 2012.

Rekstrarhagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld á árinu nam því 124,9 millj. kr. samanborið við 118,1 millj. kr. árið 2012. Hrein fjármagnsgjöld námu 18,7 millj. kr. samanborið við 91,6 millj. kr. árið 2012, þessi mikli viðsnúningur skýrist fyrst og fremst af hagstæðri gengisþróun árið 2013.

Hagnaður ársins fyrir reiknaðan tekjuskatt er 105,0 millj. kr. samanborið við 25,4 millj. kr. hagnað árið 2012. Gjaldfærsla vegna tekjuskatts nemur 67,2 millj. kr. Rekstrarniðurstaða ársins er því 37,8 millj. kr. í hagnað samanborið við 26,0 millj. kr. árið 2012.


Efnahagsreikningur

Heildareignir félagsins í árslok 2013 samkvæmt efnahagsreikningi námu 1.801,1 millj. kr. samanborið við 1.753,9 millj. kr. í árslok 2012. Óefnislegar eignir námu 1,3 millj. kr. í árslok 2013, en það eru vatnsréttindi sem eru gjaldfærð á 50 árum. Varanlegir rekstrarfjármunir námu 1.668,8 millj. kr. í árslok 2013 samanborið við 1.603,2 millj. kr. árið 2012.


Áhættufjármunir og langtímakröfur eru 22,0 millj. kr. í árslok, en voru 90,7 millj. kr. í árslok 2012. Lækkun á milli ára skýrist af breytingum á skatteign félagsins.

Eigið fé félagsins er 382,3 millj. kr. í árslok 2013 samanborið við 344,6 millj. kr. í árslok 2012 og er eiginfjárlutfall félagsins 21,2% samanborið við 19,6% í árslok 2012. Eiginfjárlutfallið hefur vaxið jafnt og nokkuð stöðugt frá árinu 2009 er það var 6,9%.

Rekstrartekjur í millj. kr.



Hagnaður EBITDA í millj. kr.



Skuldir

Heildarskuldir samkvæmt efnahagsreikningi námu 1.418,8 millj. kr. í árslok 2013 samanborið við 1.409,3 millj. kr. í árslok 2012. Langtímaskuldir námu alls 1.282,5 millj. kr. í árslok, samanborið við 1.295,2 millj. kr. árið áður og nemur lækkun á milli ára um 1,0 %.

Skammtímaskuldir námu 136,2 millj. kr. í árslok 2013 samanborið við 114,1 millj. kr. í árslok 2012 og hafa því hækkað um 19,5. Þessi hækkan skýrist einkum af ógreiddum verktakareikningum sem eru ógreiddir í árslok en greiddast í upphafi árs 2014.

Veltufjárhlutfall er 0,80 í árslok 2013 samanborið við 0,51 árið áður, æskilegt er að veltufjárhlutfallið sé að jafnaði 0,7-1,0 þannig að veltufjármunir á hverjum tíma nægi til greiðslu skammtímaskulda.

Sjóðstreymi

Veltufé frá rekstri nam 146,7 millj. kr. á árinu 2013 eða 42,5% af heildartekjum ársins samanborið við 139,1 millj. kr. á árinu 2012 og er þetta hækkan um 7,6 millj. kr. eða 5,5%.

Að teknu tilliti til breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum er handbært fé frá rekstri 147,4 millj. kr. samanborið við 148,4 millj. kr. árið 2012.

Fjárfestingar námu samtals 137,8 millj. kr. á árinu og greindust þannig að fjárfestingar í hitaveitu námu 107,9 millj. kr., fjárfestingar í vatnsveitu námu 12,9 millj. kr. og fjárfesting fráveitu 16,9 millj. kr.

Fjármögnunarhreyfingar ársins voru jákvæðar um 26,9 millj. kr. sem þýðir að ný langtímalán og viðbót við leiguskuldir voru hærri en afborganir af leiguskulddum og langtímalánum.

Lántaka ársins nam 100,0 millj. kr. Samið var um viðbótarnýtingu á hreinsivirki við Melshorn fyrir 6,3 millj. kr. til fimm ára. Afborganir leiguskulda námu 20,8 millj. kr. og greiddi félagið 58,6 millj. kr. af langtímaskuldum til lánastofnana.

Handbært fé hækkar því á árinu 2013 um 36,5 millj. kr. og nam í árslok 68,9 millj. kr.


Starfsemin á árinu

Heildarmagn af heitu vatni sem dælt var frá borholum við Urríðavatn nam um 1.627 þús. tonnum, meðalvinnsla er því 51,5 lítrar/sek. eða um 185 þús. lítrar á klukkustund. Á álagstímum þegar saman fer mikill vindur og frost tvöfaldast heitavatnsnotkunin og er þá um 335 þúsund lítrar á klukkustund. Ársmeðalhiti 2013 á veðurstöð veitunnar á Tjarnarbraut var 3,9° C eða um 0,3°C lægri en meðalhiti undangengin 12 ár.


Sala á heitu vatni í rúmmetrum talið jókst um 67 þús. tonn og var samtals 1.568 þús. tonn á árinu 2013 og nemur aukningin um 4,4 % frá fyrra ári. Heildartekjur af heitavatnssölu árið 2013 námu 173,0 millj. kr. og hækka um 17,7 millj. kr. frá fyrra ári eða um 11,3%.

Stærstu notendur eru eins og áður Haustak hf. með um 147 þús. tonn, en var með 133 þús. tonn 2012 og Sundlaug Egilsstaða með um 79 þús. tonn. Notkun á heitu vatni til afbræðslu á gervigrasvöllum var um 48 þús. tonn. Vegna mikilla viðskipta fá þessir aðilar magnafslátt sem nam 14,7 millj. kr. árið 2013. Gróðurhúsin hjá Barra eru með um 11 þús. tonna heitavatnsnotkun sem er nokkru minna en undanfarin ár, orkuverð til Barra er um 2,61 kr/kWh.


Meðal gjaldfrestur í dögum



Viðskiptakröfur í millj. kr.



Fjármagnskostnaður í millj. kr.




Tekjur hitaveitunnar af almennri sölu eru um 88,3% eða 141,8 millj. kr., þar af eru tekjur vegna Vallaveitu 13,1 millj. kr. Almenn torkuverð til húshitunar á veitusvæði hitaveitunnar er með því lægsta á landinu.

Verkefni veitunnar eru eins og oft áður í viðhalds- og fyrirbyggjandi verkefnum m.a. voru endurlagðar nokkrar heimæðar hita-, vatns- og fráveitulagna. Tíðar bilanir voru í dreifikerfi veitnanna og þá sér í lagi vatnsveitunnar sem rekja má til aldurs, efnisgæða og frágangs. Tölvubúnaður á Urriðavatni sem annast gagnasöfnun og samskipti við iðntölvur bilaði illilega og varð að endurnýja þann búnað frá grunni, en ýmis gögn töpuðust og hefur nú verið breytt um aðferð til afritunar gagna.

Meiri dæling frá Kyndistöðinni í Fellabæ hefur kallað á betri og öruggari búnað í dælum og í varaafli rafmagns, en rafmagnstruflanir og óstöðugur straumur í dreifikerfi Rarik og Landsnets hefur orsakað fjölda smábilana í tækja- og samskiptabúnaði veitunnar. Síðla árs 2013 var tekin í notkun 125 kW diesel varaafsstöð. Á áætlun ársins 2014 er að bæta við skerpidælu sem mun afkasta allt að 100 l/sek með 3,5 bara lyftigetu. Með þessum aðgerðum eykst afhendingaröryggi til muna. Lagnakerfi hitaveitunnar eru rúmir 90 km. að lengd.

Rekstur hitaveitukerfis gekk vel að undanskyldum tímum bilunum í dreifikerfi og heimæðum, þessar bilanir má flokka til aldurs lagna og frágangs, algengustu bilanirnar stafa af kápu-skemmdum þar sem hitaveitunni hefur ekki verið tilkynnt um tjón. Kostnaðarsamasti liðurinn í viðhaldi var vinna við stofnlögn á Egilsstaðanesi sem nam um 3,0 millj. kr. Rekstrarkostnaður nam 34,2 millj. kr. samanborið við 26,4 millj. kr. árið 2012 sem er hækkun um 7,8 millj. kr., munar þar mestu um hækkun á viðhaldsliðum um 3,9 millj. kr. og rafmagnskostnaði um 2,3 millj. kr.

Hlutfallsleg skipting sölu á heitu vatni 2013



Kaldavatnsöflun frá Köldukvísl á Eyvindarárdal hefur gengið vel og hafa gæði vatnsins verið mjög stöðug frá upphafi. Ný borholudæla var sett í KV-3 eftir að dælan sem þar hafði verið frá upphafi bilaði. Ný dæla var keypt af Rafey ehf., en þeir áttu dæluna sem gaf sig, í dag er dælt frá þremur borholum. Heildarvatnsmagn frá Köldukvíslarvirkjun árið 2013 var 851 þús. tonn, en dreifikerfi vatnsveitunnar nær yfir Egilsstaði, Fellabæ, að Ketilsstöðum á Völlum og að Finnsstöðum í Eiðapinghá. Heildartekjur af álögðu vatnsgjaldi og vatnssölu skv. mæli nam um 78,6 millj. kr. og hækkaði um 5,1 millj. kr. frá árinu 2012. Heildarvatnssala skv. mælum var 5,8 millj. kr.

Rekstur vatnsveitnanna á Brúarási, Eiðum og Hallormsstað hefur gengið vel og hafa allar sýnatökur og eftirlit úr vatnsveitukerfum staðist gæðakröfur. Kostnaður við rekstur vatnsveitunnar er um 16,1 millj. kr. og hækkar um 4,3 millj. kr. frá fyrra ári og eru skýringar helstar auknar viðgerðir á dreifikerfi veitunnar og hækkun á rafmagnsnotkun um 1,7 millj. kr.

Álögð gjöld fráveitu voru 93,5 millj. kr. og er hækkun frá fyrra ári 6,3 millj. kr. eða 7,2%. Kostnaður við rekstur fráveitukerfis nam 30,2 millj. kr. og hefur lækkað um 0,7 millj. kr. frá árinu 2012. Munar þar mestu um minna viðhald í dreifikerfi og þrátt fyrir að rafmagnskaup til hreinsivirkja og dælubrunna hækki um 43% frá fyrra ári eða um 1,1 millj. kr.

Samkvæmt samningum við Bólholt ehf. eru rekstrarsamningar vegna hreinsivirkja í gildi fram til ársins 2027. Bólholt ehf. sér einnig um hreinsun rotþróa í dreifbýli, en tæmdar og hreinsaðar voru 191 rotþró í dreifbýli árið 2012.

Lögð hefur verið áhersla á þau verkefni fráveitu að skilja á milli skólps og regnvatns ásamt bakrásarvatni hitaveitu þar sem því verður við komið, með þeim aðgerðum eykst geta hreinsvirkja til að standast mengunarkröfur og jafnframt lækkar rekstrarkostnaður.

Yfir 80 fráveituverkefni eru komin á verkefnaskrá sem stefnt er á að leysa á næstu árum.

Hitaveita Egilsstaða og Fella er aðili að Samorku sem eru samtök um rekstur hitaveitna, vatnsveitna, fráveitna og rafmagnsveitna, samtökin gegna veigamiklu hlutverki í rekstri og umhverfi veitnanna og ekki síst þeirra sem eru í smærri kantinum. Fráveitufagrád Samorku tekur nú þátt í vinnu nefndar vegna endurskoðunar á reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skólþ, einnig er haldið áfram með vinnu fráveituhandbókar. Nýverið var haldið jarðlaganámsskeið á vegum Samorku og sóttu það 7 aðilar héðan að austan á vegum HEF.

HEF á um 45% eignarhlut í Skógarorku ehf. á Hallormsstað og skv. ársreikningi er eignarhluturinn á bókfærðu verði um 7,2 millj. kr.

Á haustmánuðum 2013 var efnt til lokaðs útboðs á fjármögnun HEF vegna framkvæmda árána 2013 og 2014 að upphæð 190 millj. kr. Send voru gögn á Arion-banka, Íslandsbanka og Sparisjóð Norðfjarðar. Allir aðilar skiluðu tilboðum sem reyndust svipuð, en við nánari skoðun kom í ljós að tilboð Íslandsbanka var hagstæðast fyrir HEF og var undirritaður lánsamningur í desember 2012. Fyrri hluti lánsins 100,0 millj. kr. var greiddur út í árslok og seinni hluti lánsins verður til útborgunar í júní 2014.

Útgefni áætlunarreikningar voru um 16 þús. alls voru gerðir um 20 þús. reikningar í orkukerfinu þar með taldir eru uppgjörreikningar, álestrarreikningar og heimæðareikningar. Þessar reikningsgerðir eru fyrir utan bókanir og færslur í fjárhagsbókhaldi. Álestur af hitaveitu- og vatnsmælum fór fram í nóvember, er hann í höndum sömu einstaklinga sem séð hafa um álesturinn til fjölda ára.

Aðalviðskiptabanki HEF er Arion banki, en viðskipti við Íslandsbanka hafa aukist nokkuð á undanförunum misserum.

KPMG ehf. Egilsstöðum hefur endurskoðað ársreikning félagsins eins og undanfarin ár ásamt því að aðstoða við reikningsskil innan ársins og vinnu við fjárhagsáætlanagerð. Árshlutareikningur hefur að jafnaði verið gerður fyrir tímabilið 1. janúar til 31. ágúst ár hvert og reynst vel fyrir stjórnendur veitunnar.

Nýframkvæmdir


Á árinu 2013 var fjárfest fyrir 137,8 millj. kr. Í hitaveitunni voru nýframkvæmdir fyrir um 107,9 millj. kr. Langdýrasti og umfangsmesti hlutinn sneri að endurnýjun stofnlagnar við Lagarfljótsbrú og á Egilsstaðanesi að Menntaskóla eða um 65,0 millj. kr. Verkbættir sem eru tveir voru boðnir út í lokuðu útboði til verktaka á Héraði, einungis eitt tilboð barst í hvern áfanga. Annarsvegar frá P.S. Verktökum ehf. á Egilsstöðum og frá Létttaki ehf. á Reyðarfirði, það hlýtur að vera áhyggju-efni eigenda og stjórnenda HEF hve litlar undirtektir heima-manna eru í þessum útboðum. Einnig voru lagðar hitaveitu- og vatnsveitulagnir að Ekkjufelli í Fellabæ og í Finnsstaðabæina í Eiðáþinghá. Kostnaður við endurnýjun í dreifikerfi nam um 5,0 millj. kr.

Nýframkvæmdir vatnsveitunnar voru samtals um 13,0 millj. kr. og tengdust að mestu leyti þeim stóru verkefnum sem framkvæmd voru við endurnýjun stofnlagna hitaveitunnar og nýlagna að Ekkjufelli og í Eiðáþinghá. Komið var á tölvusambandi við Skógarorku og vatnsveituna á Hallormsstað með GSM búnaði og hefur það aukið rekstraröryggið.


Skipting heitavatnssölu 2013

Tegund sölu	Fjöldi húsveitna	Sala um mæla þús. m ³	Vatnssala og fastagj. millj. kr.
Almenn sala	1.204	1.270	141,8
Iðnaður	2	11	7,6
Íþróttamannvirki	5	127	7,8
Snjóbræðsla	1	147	0,5
Gróðurhús	2	11	1,0
Samtals	1.214	1.565	158,6

Eigið fé í millj. kr.



Veltufjórhlutfall



Unnið var áfram með framkvæmdalistann frá fyrra ári þar sem 100 verkefni höfðu komist á lista yfir nauðsynleg verk og var haldið áfram að vinna við endurnýjun fyrir samtals 16,9 millj. kr. Samið var við Jónsmenn ehf. um flest þessi verk á grunni tilboða frá fyrra ári.

Verkefni og framtíðarsýn

Fráveitumál munu án efa verða fyrirferðamikil í umræðunni á næstu árum og þá kannski ekki síst frá þeim sjónarhóli hvað sveitarfélögum er mismunað um kostnað varðandi hreinsun og úrvinnslu á fráveituvatni með tilliti til hvort þéttbýliskjarnarnir liggja að sjó eða eru í innsveitum landsins eins og við þekkjum vel. Þeir þéttbýliskjarnar sem hafa aðgang að sjó, grófhreinsa fráveituvatnið og dæla því síðan í sjó fram og sannast þar hið fornkveðna að lengi tekur sjórinn við. Kröfur sem opinberir aðilar gera til þéttbýliskjarna í innsveitum um hreinsun á fráveituvatni hafa í för með sér margfaldan kostnað miðað við þau þéttbýli er liggja að sjó. Því tel ég það sanngjarnt og eðlilega kröfu að jöfnunarsjóður sveitarfélaga komi að þessum málum til að jafna hlut sveitarfélaga við rekstur fráveitna eða eins og segir í

8. gr. Hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er að jafna mismunandi útgjaldaþörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi sjóðsins.

Megin áhersla í framkvæmdum dreifikerfis fráveitu á næstu árum og það kostnaðarsamasta verður að skilja á milli skólps, regnvatns og bakrásarvatns hitaveitu svo auka megi getu hreinsivirkja.

Helstu verkefni í vatnsveitumálum á næstu árum eru að endurnýja dreifikerfið á Egilsstöðum og í Fellabæ ásamt því að koma á tengingum við vatnsveituna á Eiðum í gagna- og stýribúnað HEF.

Löngu tímabært er orðið að endurnýja stofnlögn hitaveitunnar frá Fellabæ að Egilsstöðum og er fyrsta áfanga nú lokið með endurnýjun hitaveitu um Lagarfliótsbrú og hluta af Egilsstaðanesinu. Á árinu 2014 er ráðgert að endurnýja stofnlagnir hita og vatnsveitu frá Smiðjuseli að Lagarfliótsbrú. Samhliða þessari framkvæmd er áætlað að gera göngu- og hjólréiðastíg. Haustið 2012 hófst vinna við hitaveitu og vatnsveitulagnir að Fossgærði og Finnsstöðum, með það í huga væri hægt ef samningar nást að halda áfram með heita vatnið að Þrándarstaðatorfunni.

Árið 2012 tókust samningar milli eigenda Ekkjufellssels ehf. og Fljótsdalshéraðs um ráðstöfunarrétt á landi í nánd við Barra og Haustak en þetta svæði hentar einkar vel til iðnaðar.

Það væri góð framtíðarsýn að sjá fyrir sér gróðrarstöðvar, öfluga grænmetis- og matvælaframleiðslu sem byggðist á notkun heitavatnsins, það er umhugsunarefni hvers vegna þessi framleiðsla er ekki fyrir löngu hafin á veitusvæði okkar þar sem krafist er mikillar heitavatnsnotkunar.

Ylströnd við Urriðavatn yrði örugglega kærkominn kostur fyrir ferðaþjónustu og íbúa svæðisins.


Þegar gerð jarðganga hefst milli Héraðs og Seyðisfjarðar, verður væntanlega Seyðisfjarðarkaupstaður hitaður upp með vatni frá dælustöðvum hitaveitunnar við Urriðavatn.

Guðmundur Davíðsson

Framkvæmdastjóri

Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf.

Hlutfallsleg breyting vísitölu og verðs á heitu vatni frá HEF



Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Hitaveita Egilsstaða og Fella er einkahlutafélag og sjálfstætt þjónustufyrirtæki sem rekur hitaveitu, vatnsveitu og fráveitu á þjónustusvæði sínu.

Ársreikningur Hitaveitu Egilsstaða og Fella fyrir árið 2013 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Hagnaður varð af rekstri Hitaveitu Egilsstaða og Fella á árinu sem nam 37,8 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 1.799,8 millj. kr. í árslok. Eigið fé nam 382,3 millj. kr. í árslok og er eiginfjárlutfall félagsins 21,2%.

Í árslok 2013 nam hlutfé félagsins 433,3 millj. kr. og breyttist ekki á árinu. Engar breytingar urðu á hluthöfum félagsins á árinu en allt hlutfé félagsins er í eigu sveitarfélagsins Fljótshálsa.

Í árslok 2013 samþykkti Alþingi breytingar á lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 þar sem Fráveitur og Vatnsveitur í meirihlutaeigu sveitarfélaga voru undanþegnar skattskyldu og tók ákvæðið gildi miðað við ársbyrjun 2013. Áhrif þessara breytinga á skatteign félagsins nemur 58,9 millj. kr. sem færð er til lækkunar á skatteign og til gjalda í rekstrarreikningi.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa á árinu 2014 vegna rekstrarársins 2013, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra Hitaveitu Egilsstaða og Fella eru reikningskil félagsins í samræmi við lög um ársreikninga. Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra gefur ársreikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2013 og rekstrarafkomu félagsins sem og breytingu á handbæru fé á árinu.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri fyrirtækisins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem fyrirtækið býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri Hitaveitu Egilsstaða og Fella staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2013 með undirritun sinni.

Egilsstöðum, 24. febrúar 2014

Í stjórn fyrirtækisins:

Þorvaldur P. Hjarðar
Gunnar Jónsson
Árni Kristinsson
Helgi Ómar Bragason
Ruth Magnúsdóttir

Framkvæmdastjóri:

Guðmundur Davíðsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eiganda Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2013, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013, í samræmi við lög um ársreikninga.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Egilsstöðum, 24. febrúar 2014

KPMG ehf.

Magnús Jónsson

Rekstrarreikningur 2013

	Skýr.	2013	2012
Rekstrartekjur:			
Vatnssala		143.619.785	133.756.574
Álögð vatnsgjöld		71.731.749	65.811.033
Álögð fráveitugjöld		93.552.427	87.144.673
Fastagjöld		20.336.259	18.665.172
Aðrar tekjur		15.938.029	10.718.290
		345.178.249	316.095.742
Rekstrargjöld:			
Laun og launtengd gjöld	4	43.664.333	38.332.323
Rekstur veitukerfa		80.485.221	69.192.386
Annar rekstrarkostnaður		23.795.006	18.645.661
		147.944.560	126.170.370
Rekstrarhagnaður án afskrifta, fjármunatekna og fjármagnsgjalda		197.233.689	189.925.372
Afskriftir	7	72.279.270	71.836.422
Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		124.954.419	118.088.950
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	5	(18.718.395)	(91.589.169)
Áhrif hlutdeildarfélagas		(1.260.648)	(1.083.255)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		104.975.376	25.416.526
Tekjuskattur ársins	2i, 11	(67.200.902)	544.777
Hagnaður ársins	14	37.774.474	25.961.303

Efnahagsreikningur

Eignir		Skýr.	2013	2012
Fastafjármunir:				
Óefnislegar eignir:				
Vatnsréttindi	2d, 6		1.257.513	1.312.187
Varanlegir rekstrarfjármunir:				
Vatnsveitukerfi			417.524.667	418.099.333
Fráveitukerfi			234.716.957	237.073.851
Borholur og dreifikerfi hitaveitu			841.228.312	764.095.177
Kyndistöð, áhöld og búnaður			23.534.164	25.500.396
Leigðar eignir, hreinsivirki fráveitu			151.848.088	158.493.095
	2f, 7		1.668.852.188	1.603.261.852
Áhættufjármunir og langtímakröfur:				
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagi	2h, 8		7.203.736	8.464.384
Tekjuskattseign	2i, 11		14.371.915	81.572.817
Verðbréfaeign í skuldabréfa- og peningamarkaðssjóðum	2j, 12		394.581	685.274
			21.970.232	90.722.475
		Fastafjármunir	1.692.079.933	1.695.296.514
Veltufjármunir:				
Skammttímakröfur:				
Viðskiptakröfur	2k, 13		18.077.305	18.243.457
Kröfur á tengda aðila			14.257.406	7.816.697
Aðrar skammttímakröfur			7.705.948	100.148
Handbært fé	2l		68.947.242	32.474.504
		Veltufjármunir	108.987.901	58.634.806
		Eignir samtals	1.801.067.834	1.753.931.320

31. desember 2013

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2013	2012
Eigið fé:			
Hlutfé		433.306.421	433.306.421
Ójafnað eigið fé		(50.971.931)	(88.746.405)
Eigið fé	14	382.334.490	344.560.016
 Langtímaskuldir:			
Skuldir við lánastofnanir	15	922.502.750	926.908.647
Leiguskuldir	16	269.806.599	275.624.025
Fyrirframinnheimtar tekjur	17	90.175.836	92.698.295
		1.282.485.185	1.295.230.967
 Skammtímaskuldir:			
Næsta árs afborganir langtímaskulda	15	61.948.204	59.678.379
Næsta árs afborganir leiguskulda	16	23.216.435	20.267.804
Næsta árs innlausn fyrirframinnheimtra tekna	17	2.522.459	2.522.459
Viðskiptaskuldir		32.956.191	15.761.938
Aðrar skammtímaskuldir		15.604.870	15.909.757
		136.248.159	114.140.337
Skuldir samtals		1.418.733.344	1.409.371.304
 Eigið fé og skuldir samtals		 1.801.067.834	 1.753.931.320
Skuldbindingar utan efnahags	19		

Sjóðstreymisyfirlit 2013

	Skýr.	2013	2012
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi	14	37.774.474	25.961.303
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	72.279.270	71.836.422
Verðbætur og gengismunur		(31.862.599)	40.020.079
Áhrif hlutdeildarfélags		1.260.648	1.083.255
Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna		0	(752.000)
Niðurfærsla verðbréfaeignar		0	1.531.176
Tekjuskattur, breyting		67.200.902	(544.777)
Veltufé frá rekstri		146.652.695	139.135.458
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		(13.880.357)	14.656.905
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		16.889.366	(2.879.076)
Fyrirframinnheimtar tekjur, breyting		(2.522.459)	(2.522.459)
Verðbréfeign, breyting		290.693	0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		777.243	9.255.370
Handbært fé frá rekstri		147.429.938	148.390.828
Fjárfestingarhreyfingar:			
Kaup á varanlegum rekstrarfjármunum, hitaveita	7	(107.908.717)	(28.411.115)
Kaup á varanlegum rekstrarfjármunum, vatnsveita	7	(12.991.322)	(12.921.294)
Kaup á varanlegum rekstrarfjármunum, fráveita	7	(16.914.893)	(9.631.501)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir		0	1.000.000
Fjárfestingarhreyfingar		(137.814.932)	(49.963.910)
Fjármögnunarhreyfingar:			
Skuldir við lánastofnanir, breyting		0	(207.840)
Tekin langtímalán		100.000.000	0
Nýjar leiguskuldir		6.307.263	0
Afborganir langtímalána		(58.608.152)	(67.266.622)
Afborganir leiguskulda		(20.841.379)	(18.603.350)
Fjármögnunarhreyfingar		26.857.732	(86.077.812)
Hækkun á handbæru fé		36.472.738	12.349.106
Handbært fé í ársbyrjun		32.474.504	20.125.398
Handbært fé í árslok		68.947.242	32.474.504
Aðrar upplýsingar:			
Greiddur fjármagnskostnaður		51.119.007	52.029.771

Skýringar

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

a. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á vatni eru færðar í rekstrarreikningi við útgáfu reiknings. Aðrar tekjur eru færðar í rekstrarreikningi við afhendingu vöru og þjónustu til kaupanda.

b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

d. Óefnislegar eignir

Vatnsréttindi veitunnar eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem óefnislegar eignir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við eignarhaldstíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð.

e. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Leigðar eignir eru sérhæfð hreinsivirki í fráveitu sem félagið leigir til sín samkvæmt langtímaleigusamningi. Kostnaðarverð leigðra eigna telst vera gangverð hinnar leigðu eignar á samningsdegi eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra.

Vaxtagjöld af lánsfé sem nýtt er til fjármögnunar á rekstrarfjármunum í byggingu eru eignfærð á byggingartíma. Eftir að eignirnar eru teknar í notkun eru vaxtagjöld færð til gjalda í rekstrarreikningi.

f. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna annarra en leigðra eigna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til 10% niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Stofnæðar og dreifikerfi hitaveitu.....	25-40 ár
Dælustöðvar, kyndistöð og fasteignir	25 ár
Borholur hitaveitu	20-33 ár
Vatnsveitukerfi.....	25-40 ár
Fráveitukerfi.....	25 ár
Bifreiðar, áhöld og búnaður.....	3-5 ár

g. Afskriftir leigðra eigna

Afskriftir leigðra eigna eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við leigutíma eða nýtingartíma sé hann styttri. Afskriftartími leigðra eigna greinist þannig:

Hreinsivirki fráveitu.....	20 ár
----------------------------	-------

h. Eignarhlutir í hlutdeildarfélagi

Eignarhlutir í hlutdeildarfélagi er eignfærðir á því verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í hreinni eign þeirra.

Skýringar, frh.:

i. Tekjuskattsinneign

Tekjuskattur af afkomu ársins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu vegna ársins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstegi og allar leiðréttingar á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Frestaður tekjuskattur er færður í samræmi við efnahagsskuldbindingaraðferðina vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og samkvæmt skattverði þeirra hins vegar. Fjárhæð frestaðs tekjuskatts er byggð á áætlaðri innlausn eða uppgjöri bókfærðs verðs eigna og skulda, með því að beita gildandi skatthlutfalli á uppgjörstegi.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er að hægt sé að nýta framtíðarhagnað á móti eigninni. Skatteignin er lækkuð að því marki sem talið er að hún nýtist ekki.

j. Verðbréfaeign

Félagið á í skulda- og peningamarkaðssjóðum Íslenskra verðbréfa hf. samtals að fjárhæð 0,4 millj. kr. og er verðbréfaeignin færð til eignar í samræmi við viðskiptagengi í lok árs. Umræddir sjóðir eru í slitaferli og ráðast útgreiðslur af afborgunum skuldabréfa og sölu eigna. Þar sem óvissa er um hvenær útgreiðslur fara fram eru ekki færðar næsta árs afborganir meðal veltufjármuna.

k. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður í ársreikningnum. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum, sem kunna að tapast og er hann dreginn frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

l. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

Skýringar, frh.:

3. Starfspáttayfirlit

Starfspáttaupplýsingar eru birtar eftir rekstrarsviðum félagsins samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf félagsins.

	Hitaveita	Vatnsveita	Fráveita	Samtals
2013				
Rekstrartekjur	173.054.992	78.570.830	93.552.427	345.178.249
Rekstrargjöld án afskrifta	71.421.918	29.871.677	46.650.965	147.944.560
Hagnaður EBITDA	101.633.074	48.699.153	46.901.462	197.233.689
Afskriftir	(32.796.488)	(13.565.988)	(25.916.794)	(72.279.270)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	2.524.370	3.084.507	(24.327.272)	(18.718.395)
Tekjuskattur	(67.200.902)	0	0	(67.200.902)
Áhrif hlutdeildarfélags	(1.260.648)	0	0	(1.260.648)
Hagnaður ársins	2.899.406	38.217.672	(3.342.604)	37.774.474
Eignir starfspátta	996.978.122	417.524.667	386.565.045	1.801.067.834
Skuldir starfspátta	772.658.339	355.842.473	290.232.532	1.418.733.344
Eigið fé starfspátta	224.319.783	61.682.194	96.332.513	382.334.490
Veltufé frá rekstri	78.040.694	34.372.490	34.239.511	146.652.695
Fjárfestingahreyfingar	107.908.717	12.991.322	16.914.893	137.814.932
Fjármögnunarhreyfingar	65.563.518	(21.381.168)	(17.324.618)	26.857.732
	Hitaveita	Vatnsveita	Fráveita	Samtals
2012				
Rekstrartekjur	155.383.933	73.477.136	87.234.673	316.095.742
Rekstrargjöld	86.667.677	39.063.533	72.275.582	198.006.792
Rekstrarafkoma starfspátta	68.716.256	34.413.603	14.959.091	118.088.950
Óskiptir liðir				
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				(91.589.169)
Tekjuskattur				544.777
Áhrif hlutdeildarfélags				(1.083.255)
Hagnaður ársins				25.961.303
Hagnaður EBITDA	100.933.620	48.412.278	40.579.474	189.925.372
Eignir starfspátta	790.907.760	418.099.333	395.566.946	1.604.574.039
Óskiptar skuldir				1.409.371.304
Fjárfestingar	28.411.115	12.921.294	9.631.501	50.963.910
Afskriftir	32.217.364	13.998.675	25.620.383	71.836.422

4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld ársins greinast þannig:

	2013	2012
Laun	34.103.264	29.560.703
Áunnið orlof, breyting	1.129.270	1.505.959
Launatengd gjöld	8.431.799	7.265.661
Laun og launatengd gjöld samtals	43.664.333	38.332.323
Fjöldi starfsmanna í árslok	4	3

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra námu samtals 17,4 millj. kr. á árinu 2013.

Skýringar, frh.:

5. Hrein fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	2013	2012
Vaxtatekjur og verðbætur	1.016.263	1.365.809
Vaxtagjöld og verðbætur	(68.884.838)	(72.547.752)
Gengismunur	49.733.054	(18.882.901)
Niðurfærsla verðbréfaeignar	(582.874)	(1.524.325)
Hrein fjármagnsgjöld	<u>(18.718.395)</u>	<u>(91.589.169)</u>

6. Óefnislegar eignir

Á eignalíðinn vatnsréttindi er færð fjárfesting í vatnsréttindum sem færð eru til gjalda á 50 árum. Þessi líður greinist þannig:

Bókfært verð 1.1.2013	1.312.187
Afskrifað á árinu	(54.674)
Bókfært verð 31.12.2013	<u>1.257.513</u>

7. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir, endurmat þeirra og afskriftir greinast þannig:

	Kyndistöð, fasteign og búnaður	Borholur og dreifikerfi hitaveitu	Vatnsveitu- kerfi	Fráveitu- kerfi	Samtals
Heildarverð 1.1. 2013	53.230.119	1.409.386.340	596.501.290	469.141.305	2.528.259.054
Afskrifað áður	(27.729.723)	(645.291.163)	(178.401.957)	(232.067.454)	(1.083.490.297)
Bókfært verð 1.1. 2013	25.500.396	764.095.177	418.099.333	237.073.851	1.444.768.757
Viðbót á árinu	0	107.908.717	12.991.322	10.607.630	131.507.669
Afskrifað á árinu	(1.966.232)	(30.775.582)	(13.565.988)	(12.964.524)	(59.272.326)
Bókfært verð 31.12 2013	<u>23.534.164</u>	<u>841.228.312</u>	<u>417.524.667</u>	<u>234.716.957</u>	<u>1.517.004.100</u>
Heildarverð 31.12 2013	53.230.119	1.517.295.057	609.492.612	479.748.935	2.659.766.723
Afskrifað samtals	(29.695.955)	(676.066.745)	(191.967.945)	(245.031.978)	(1.142.762.623)
Bókfært verð 31.12 2013 ...	<u>23.534.164</u>	<u>841.228.312</u>	<u>417.524.667</u>	<u>234.716.957</u>	<u>1.517.004.100</u>
Afskriftahlutföll	4-33%	2,5-4%	2,5-4%	4%	

Leigðar eignir greinast þannig:

Hreinsivirki í fráveitu 1.1.2013	158.493.095
Viðbót á árinu	6.307.263
Afskrifað á árinu	(12.952.270)
Bókfært verð 31.12.2013	<u>151.848.088</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir samtals 1.668.852.188

Afskriftahlutföll

5%

Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi greinast þannig:

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, hitaveita	32.741.814
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, vatnsveita	13.565.988
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, fráveita	12.964.524
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, leigueignir	12.952.270
Afskrift óefnislegra eigna, sbr. skýringu 6	54.674
Fært í rekstrarreikning	<u>72.279.270</u>

Skýringar, frh.:

8. Eignarhlutir í öðrum félögum

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð
Skógarorka	44,8%	9.000.000	7.203.736

9. Fasteignamat og vátryggingaverð

Fasteignamat fasteigna félagsins var 30,2 millj. kr. og lóða 15,1 millj. kr., eða samtals 45,4 millj. kr. í árslok 2013. Á sama tíma nam brunabótamat fasteigna 133,1 millj. kr.

10. Viðlagatrygging

Samkvæmt ákvæðum laga og reglugerðar um viðlagatryggingu eru veitumannvirki tryggt vegna náttúruhamfara. Tryggingaverðmæti hitaveitu 540,7 millj. kr. fyrir árið 2013, 374,2 millj. kr. fyrir vatnsveitu og 614,5 millj. kr. fyrir fráveitu.

11. Tekjuskattseign

Tekjuskattseign félagsins greinist þannig:

Tekjuskattseign í ársbyrjun	81.572.817
Áhrif breytingar á skattalögum, Vatnsveita og Fráveita færðar úr skattskyldu	(58.910.295)
Reiknaður tekjuskattur	(8.290.607)
Tekjuskattseign í árslok	14.371.915

Tekjuskattseign félagsins skiptist þannig:

Varanlegir rekstrarfjármunir	(6.852.828)
Óefnislegar eignir	295.237
Eignarhlutur í félagi	359.253
Viðskiptakröfur	2.570.254
Frestaður gengishagnaður	(2.719.784)
Yfirfæranlegt tap	20.719.784
	14.371.915

Í árslok 2013 samþykkti Alþingi breytingar á lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 þar sem Fráveitur og Vatnsveitur í meirihlutaugu sveitarfélag voru undanþegnar skattskyldu og tók ákvæðið gildi miðað við ársbyrjun 2013. Áhrif þessara breytinga á skatteign félagsins nemur 58,9 millj. kr. sem færð er til lækkunar á skatteign og til gjalda í rekstrarreikningi.

12. Verðbréfaeign

Verðbréfaeign greinist þannig:

Verðbréf í skuldabréfa- og peningamarkaðssjóðum	394.581
Verðbréfaeign samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	394.581

13. Viðskiptakröfur

Niðurfærsla viðskiptakrafna greinist þannig:

	2013	2012
Niðurfærsla í ársbyrjun	11.347.724	16.071.276
Breyting á niðurfærslu ársins	1.503.544 (4.723.552)
Niðurfærsla í árslok	12.851.268	11.347.724

14. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutfé	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 31.12. 2012	433.306.421 (90.140.055)	343.166.366
Leiðréttingar vegna fyrri ára		1.393.650	1.393.650
Eigið fé 1.1. 2013	433.306.421 (88.746.405)	344.560.016
Hagnaður ársins		37.774.474	37.774.474
Eigið fé 31.12.2013	433.306.421 (50.971.931)	382.334.490

Skýringar, frh.:

15. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:

Skuldir í íslenskum krónum:

Verðtryggð lán, vextir 3,85-4,35% á gjalddögum til 2027	162.015.919
Óverðtryggð lán, vextir 6,83-7,35% á gjalddögum til 2036	453.583.333
Gengistryggð lán, vextir 0,30%-0,96% á gjalddögum til 2033	368.851.701
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborgunir	984.450.953
Næsta árs afborgunir	(61.948.204)
Langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals	922.502.749

Framangreind vaxtahlutföll eru í samræmi við gildandi vaxtakjör lána í árslok 2013.

Lán eru öll tekin hjá innlendum fjármálastofnunum.

Afborgunir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

	Skuldir í íslenskum kr.	Skuldir í erl gjaldmiðlum	Samtals
Árið 2014	42.534.888	19.413.316	61.948.204
Árið 2015	42.534.888	19.413.316	61.948.204
Árið 2016	42.534.888	19.413.316	61.948.204
Árið 2017	42.534.888	19.413.316	61.948.204
Árið 2018	42.534.888	19.413.316	61.948.204
Síðar	402.924.812	271.785.121	674.709.933
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborgunir	615.599.252	368.851.701	984.450.953

16. Leiguskuldir

Félagið hefur gert leigusamninga um hreinsivirki, sem færðir eru til skuldar.

Samtals leiguskuld, þ.m.t. næsta árs afborgun	293.023.034
Næsta árs afborgun	(23.216.435)
Samtals langtímahluti leiguskulda	269.806.599

Aðrar upplýsingar um leigusamninga:

	Leigutími	Afvöxtunar- stuðull	Núvirtar af- borgunir alls
Hreinsivirki	2003-2027	6,4%	295.891.826

Onúvirtar lágmarksleigugreiðslur næstu ára greinast þannig:

Árið 2014	47.392.993
Árið 2015	47.392.993
Árið 2016	47.392.993
Árið 2017	47.392.993
Árið 2018	46.426.366
Síðar	256.394.739
Samtals	492.393.076

Greiðslur vegna leigusamninga námu á árinu 2013 42,9 millj. kr.

Skýringar, frh.:

17. Fyrirframminnheimtar tekjur

Tekjur af tengigjöldum vegna nýframkvæmda á dreifikerfum í hitaveitu námu á árinu 7,3 millj. kr. eða um 4,2% af tekjum hitaveitunnar. Almenn t hefur verið miðað við að fari tengigjöld umfram 5% af heildartekjum séu þau færð til tekna á nýtingartíma dreifikerfisins. Í árslok nema fyrirframminnheimtar tekjur vegna tengigjalda 91,6 millj. kr. og er áætlað að færa umrædd tengigjöld til tekna á 40 árum.

Þá eru færðar sem fyrirframminnheimtar tekjur leiga sem Rarik greiddi HEF vegna húsnæðis við Urriðavatn, samtals að fjárhæð 1,2 millj. kr. Sú fjárhæð færir til tekna á næstu 11 árum.

Tekjur að fjárhæð 95,2 millj. kr. eru færðar til skuldar sem fyrirframminnheimtar tekjur í árslok 2013. Þar af færast 2,5 millj. kr. meðal veltufjármuna sem næsta árs innlausn, sem þýðir að sú fjárhæð færir til tekna á árinu 2014.

18. Skattamál

Yfirfæranlegt skattalegt tap sem ekki nýtist á móti hagnaði innan tíu ára frá því það myndast fellur niður. Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok er nýtanlegt sem hér segir:

Tap ársins 2008 yfirfæranlegt til 2018	231.022.458
Tap ársins 2009 yfirfæranlegt til 2019	34.606.424
Samtals	<u>265.628.882</u>

19. Ábyrgðarskuldbindingar

Félagið samþykkti á árinu að veita hlutdeildarfélagi sínu, Skógarorku ehf., hlutfallslega sjálfskuldarábyrgð (pro rata ábyrgð), í samræmi við eignarhlut sinn í félaginu, vegna lántöku félagsins hjá Íslandsbanka hf. Eftirstöðvar lánsins námu í árslok 2013 9,4 millj. kr. og nemur ábyrgð HEF því 44,8% þeirrar fjárhæðar eða um 4,2 millj. kr.

Skýringar, frh.:

20. Áhættustjórnun

Áhætta vegna vaxta og gjaldmiðla tengist reglulegri starfsemi félagsins.

a. Yfirlit

Eftirfarandi áhættur fylgja fjármálagerningum félagsins:

- Lánsáhætta
- Lausafjánhætta
- Markaðsáhætta.

Hér eru veittar upplýsingar um framangreindar áhættur en að auki eru veittar tölulegar upplýsingar víða í ársreikningnum.

b. Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar eða að tryggingar viðskiptamanna nægja ekki til að mæta þeirra skuldbindingum.

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Lánsáhætta félagsins ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna.

c. Lausafjánhætta

Lausafjánhætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær falla til. Miðað við rekstraráætlun félagsins fyrir árið 2013 má ætla að sjóðsflæði til félagsins standi að fullu fyrir skuldbindingum félagsins sem koma til greiðslu næstu 12 mánuði.

d. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði fjárfestinga þess í fjármálagerningum.

Vaxtaáhætta

Vextir af óverðtryggðum lánum félagsins eru fljótandi. Vextir af verðtryggðum lánum félagsins eru festir að meðaltali í eitt ár.

Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta félagsins verður til vegna lántöku sem er tengd öðrum gjaldmiðlum en krónum. Heildarskuldir félagsins sem eru háðar gengisáhættu námu í árslok 368.9 millj. kr. (2012: 439,0). Hluti fjárfestingareigna félagsins er fjármagnaður með erlendum lánum. Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhættu eru EUR, CHF, JPY, USD, GBP. Miðað við samsetningu lána í árslok hefði 10% veiking krónunnar um 36,9 millj. kr. áhrif á rekstrarreikning án tekjuskattsáhrifa.

Skýringar, frh.:

21. Kennitölur og yfirlit

Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:

	2013	2012	2011	2010	2009
Rekstur:					
Rekstrartekjur	345.178	313.573	291.544	186.192	170.111
Rekstrargjöld án afskrifta	(147.945)	(125.167)	(116.801)	(82.718)	(75.560)
Hagnaður fyrir afskriftir	197.233	188.406	174.743	103.474	94.551
Afskriftir	(72.280)	(71.837)	(64.482)	(37.668)	(32.878)
Hagnaður fyrir fjármagnsliði	124.953	116.569	110.261	65.806	61.673
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(18.718)	(91.589)	(107.025)	(4.748)	(71.302)
Árhrif hlutdeildarfélags	(1.261)	(1.083)	(803)	(656)	2.006
Hagnaður (tap) ársins fyrir tekjuskatt	104.974	23.897	2.433	61.058	(9.629)
Tekjuskattur ársins	(67.201)	545	49.037	(309)	7.838
Hagnaður (tap) ársins	37.773	24.442	51.470	60.093	215
Efnahagur:					
Fastafjármunir	1.692.080	1.695.297	1.718.487	1.050.454	1.009.728
Veltufjármunir	108.988	58.635	60.943	25.386	68.276
Eignir samtals	1.801.068	1.753.932	1.779.430	1.075.840	1.078.004
Eigið fé	382.334	343.166	318.725	136.695	76.602
Langtímaskuldir	1.282.485	1.295.231	1.349.817	849.859	902.636
Skammtímaskuldir	136.248	115.534	110.887	89.287	98.766
Eigið fé og skuldir samtals	1.801.067	1.753.931	1.779.429	1.075.841	1.078.004
	2013	2012	2011	2010	2009
Helstu kennitölur:					
Meðal gjaldfrestur í dögum	32	28	47	38	52
Veltufé frá rekstri	146.653	137.616	129.160	80.672	79.177
Veltufjárhlutfall	0,80	0,51	0,55	0,28	0,73
Eiginfjárhlutfall	21,2%	19,6%	17,9%	12,7%	6,9%
Arðsemi eiginfjár	11,0%	7,7%	37,7%	78,4%	(2,3%)



Timinn er eins og vatnið,
og vatnið er kalt og djúpt
eins og vitund mín sjálfs.
Og tíminn er eins og mynd,
sem er máluð af vatninu
og mér til hálf.
Og tíminn og vatnið
renna veglaust til þurrðar
inn í vitund mín sjálfs

Steinn Steinarr